

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. júní 2021

Mál nr. E-5638/2019:

Langisjór ehf.

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta sem var höfðað með stefnu birtri 16. október 2019, var dómtekið 20. maí 2021. Stefnandi er Langisjór ehf., Sundagörðum 10, Reykjavík, en stefndi er íslenska ríkið, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega** að úrskurður ríkisskattstjóra frá 20. desember 2013 um endurákvörðun opinberra gjalda stefnanda verði felldur úr gildi og að úrskurður yfirskattanefndar nr. 280/2015 frá 21. október 2015 í kærumáli stefnanda þar sem hafnað var kröfum stefnanda um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra, verði felldur úr gildi. **Til vara** er þess krafist að úrskurður ríkisskattstjóra frá 20. desember 2013 um endurákvörðun opinberra gjalda stefnanda og úrskurður yfirskattanefndar nr. 280/2015 frá 21. október 2015 verði breytt vegna leiðréttingar á samsköttun með dótturfélögum stefnanda þannig að tekið verði tillit til frádráttarliða í skattframtölum félaganna, affalla og verðbóta í tilviki Brimgarða ehf. og affalla í tilviki 14. júní ehf., á árunum 2008-2012 vegna skuldabréfaútgáfu þeirra á árinu 2005. **Til þrautavara** er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að stefnanda hafi verið heimilt að leiðrétta tekjuskattstofn sinn í skattframtölum árunum 2008-2012 með hliðsjón af frádrætti í skattskilum dótturfélaga sinna, vegna affalla og verðbóta í tilviki Brimgarða ehf. og affalla í tilviki 14. júní ehf., vegna skuldabréfaútgáfu þessara félaga á árinu 2005. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar. Stefnandi krefst ekki frávísunar málsins, en í greinargerð er ábending til dómsins um frávísun á vara- og þrautavarakröfu stefnanda.

I

Ágreiningur málsins lýtur að endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum stefnanda gjaldárin 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012 sem leiddi af þeim ákvörðunum

ríkisskattstjóra í málum dótturfélaga stefnanda, Brimgarða ehf. og 14. júní ehf., að fella niður í skattskilum félaganna umrædd ár gjald- og skuldfærð afföll af skuldabréfum sem félögin gáfu út á árinu 2005, sbr. úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 20. desember 2013, í málum dótturfélaganna. Vegna samsköttunar stefnanda með dótturfélögunum umrædd gjaldár á grundvelli 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, leiddu þessar ákvarðanir ríkisskattstjóra einungis til gjaldabreytinga hjá stefnanda vegna hækkunar á sameiginlegum tekjuskattsstofni gjaldárin 2008 og 2012, en gjaldárin 2009, 2010 og 2011, leiddu breytingarnar til lækkunar á yfirfæranlegum rekstrartapi.

Með úrskurði ríkisskattstjóra hækkaði tekjuskattsstofn stefnanda gjaldárið 2008 um 190.056.348 kr. og gjaldárið 2012 um 336.590.143 kr. að viðbættu 25% álagi samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Nam fjárhæð álags 47.514.087 kr. gjaldárið 2008 og 84.147.535 kr. gjaldárið 2012. Þá lækkaði ríkisskattstjóri yfirfæranlegt rekstrartap í skattskilum stefnanda gjaldárin 2009, 2010 og 2011 um 271.821.410 kr. fyrsta árið, um 247.507.068 kr. það næsta og um 200.279.259 kr. það síðasta.

Breytingar ríkisskattstjóra á skattskilum stefnanda voru sem fyrr segir til komnar vegna breytinga á skattskilum dótturfélaga stefnanda, þ.e. Brimgarða ehf. og 14. júní ehf., sömu gjaldár samkvæmt úrskurðum ríkisskattstjóra, dags. 20. desember 2013, í málum dótturfélaganna, en vegna samsköttunar stefnanda og þeirra félaga leiddu breytingar ríkisskattstjóra á skattframtölum dótturfélaganna til gjaldabreytinga hjá stefnanda, sbr. 55. gr. laga nr. 90/2003. Fólust þær breytingar nánar tiltekið í niðurfellingu gjald- og skuldfærðra affalla af skuldabréfum sem félögin tvö gáfu út á árinu 2005, en fjárhæð niðurfelldra affalla í skattskilum félaganna nam 147.189.584 kr. gjaldárið 2008, 228.954.646 kr. gjaldárið 2009, 204.640.304 kr. gjaldárið 2010, 157.412.495 kr. gjaldárið 2011 og 201.919.277 kr. gjaldárið 2012 í tilviki Brimgarða ehf. og 42.866.764 kr. gjaldárið 2008, 42.866.764 kr. gjaldárið 2009, 42.866.764 kr. gjaldárið 2010, 42.866.764 kr. gjaldárið 2011 og 134.670.866 kr. gjaldárið 2012 í tilviki 14. júní ehf. Í niðurlagi úrskurðar ríkisskattstjóra í máli stefnanda, sem telur fimm blaðsíður, gerði ríkisskattstjóri nánari sundurliðaða og tölulega grein fyrir breytingum á yfirfærðum hagnaði/rekstrartapi vegna dótturfélaganna og skattalegri leiðréttingu vegna samsköttunar.

Stefnandi skaut málinu til yfirskattanefndar og krafðist þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi einkum sökum þess að ríkisskattstjóri hafi farið út fyrir lögskipað valdsvið sitt með því að fulltrúar embættisins hafi mætt á starfsstöð umboðsmanns stefnanda 11. desember 2013 og krafist þess að fá afhent afrit af andmælabréfi umboðsmannsins, dags. sama dag. Hafi sú upplýsingaöflun ríkisskattstjóra verið án lagaheimildar og brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Til vara var gerð krafa um að 25% álag yrði fellt niður. Með úrskurði nr. 280/2015

uppkveðnum 21. október 2015 féllst yfirskattanefnd á kröfu stefnanda um niðurfellingu álags en hafnaði kröfum hans að öðru leyti.

Við aðalmeðferð málsins gaf Hlynur Sigurðsson löggiltur endurskoðandi skýrslu vitnis.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Í aðalkröfu sína um um ógildingu úrskurða ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar byggir stefnandi í fyrsta lagi á því að úrskurðir skattfirvalda um endurákvörðun opinberra gjalda vegna gjaldáranna 2008-2012 eigi sér ekki lagastoð þar sem dótturfélögum stefnanda, Brimgörðum ehf. og 14. júní ehf., hafi verið heimilt að gjald- og skuldfæra afföll annars vegar og verðbætur hins vegar af skuldabréfaútgáfu félaganna frá árinu 2005 sem frádráttarbæran rekstrarkostnað í skattskilum áráanna 2008-2012 í samræmi við ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tsl, sbr. 49. gr. laganna.

Stefnandi telur ljóst að úrskurðir skattfirvalda um endurákvörðun opinberra gjalda stefnanda byggist á röngum forsendum því í úrskurðunum sé gengið sé út frá því að gjald- og skuldfærsla affalla og verðbóta hjá dótturfélögum stefnanda hafi ekki verið lögmæt í skattskilum áráanna 2008-2012.

Samkvæmt framansögðu er það aðal málsástæða stefnanda að úrskurður ríkisskattstjóra frá 20. desember 2013 og úrskurður yfirskattanefndar nr. 280/2015 frá 21. október 2015 í máli stefnanda séu rangir þar sem þeir byggja í fyrsta lagi á rangri lögskýringu á ákvæðum laga um tekjuskatt og í öðru lagi séu þeir reistir á röngum forsendum þar sem þeir grundvallast á afstöðu skattfirvalda til skuldabréfaútgáfu dótturfélaga stefnanda sem fær ekki staðist.

Í öðru lagi er á því byggt að úrskurðir ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar í málefnum dótturfélaga stefnanda, Brimgarða ehf. og 14. júní ehf., séu í andstöðu við meginreglur stjórnisýsluréttarins og ákvæði stjórnisýslulaga. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að skattfirvöld hafi ranglega komist að þeirri niðurstöðu í málum dótturfélaga stefnanda að skuldabréfaútgáfa þeirra árið 2005 hafi verið óvenjuleg eða verulega frábrugðin því sem almennt gerist og að um hagsmunatengsl hafi verið að ræða, sbr. 1. mgr. 57. gr. tsl.

Varðandi vara- og þrautavarakröfu er vísað er til sömu málsástæðna og lagaraka hvað og um aðalkröfunna.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Öllum málatilbúnaði stefnanda er mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Stefndi vill halda því sérstaklega til haga að endurákvörðun á opinberum gjöldum stefnanda eru afleiddar breytingar af þeim ákvörðunum sem ríkisskattstjóri tók í málum dótturfélaga stefnanda, 14. júní ehf. annars vegar og hins vegar Brimgarða ehf. Þær breytingar voru

staðfestar með úrskurðum yfirskattanefndar. Stefnandi er samskattaður með dótturfélögunum á grundvelli heimildar í 55. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003. Samkvæmt lagaákvæðinu er samsköttuðum félögum heimilt að yfirfæra rekstrarhagnað og eftir atvikum rekstrartap milli sjálfstæðra skattaðila til skattlagningar hjá einum þeirra á þann hátt sem í ákvæðinu er lýst.

Fallist dómur ekki á kröfur dótturfélaganna, 14. júní ehf. og/eða Brimgarða ehf., á stefnandi engan sjálfstæðan rétt sem grundvallað getur kröfugerð hans. Meginforsenda kröfugerðar hans væri brostinn þar sem engin breyting yrði þá gerð á skattskilum dótturfélaganna frá úrskurðum skattyfirvalda sem myndi valda því að stefnandi ætti ekki neinn lögvarinn rétt á breytingum á eigin skattskilum.

Af þessum sökum telur stefndi málsókn stefnanda óþarfa og er það sjálfstæð sýknuástæða.

Leiði framangreindar málsástæður stefnda ekki til sýknu hans, byggir stefndi sýknukröfu sína á því að úrskurðir ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar í máli stefnanda og dótturfélaga hans hafi í einu og öllu verið að lögum. Engum þeim form- eða efnisannmörkum er til að dreifa á úrskurðunum sem leitt geti að lögum til þess að þeir verði felldir út gildi í heild sinni eða að hluta. Öndverðum málsástæðum stefnanda er mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Þá telur stefndi að gætt hafi verið að réttum málsmeðferðarreglum við meðferð máls stefnanda sem og dótturfélaga hjá ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd. Auk þess séu engir þeir annmarkar á rökstuðningi ríkisskattstjóra, né yfirskattanefndar sem brjóti gegn fyrirmælum 22. gr. stjórnisýslulaga, enda verði ekki annað séð, bæði af málalíbúnaði stefnanda við stjórnisýslumeðferð málsins sem og í stefnu þessa máls en að stefnandi hafi getað glöggvað sig á þeim réttareglum og forsendum sem ríkisskattstjóri og yfirskattanefnd byggðu niðurstöður sína á. Þá hafi andmælaréttar var gætt. Málsástæðu stefnanda að röksemdir hans/dótturfélaga hans hafi ekki fengið viðunandi umfjöllun hjá skattyfirvöldum er mótmælt sem rangri.

Varðandi efnispátt málsins byggir stefndi á því að sjónarmið stefnanda varðandi form og efniskröfur málsins fái hvorki staðist ótvíræð ákvæði tekjuskattslaganna né dómaframkvæmd. Efnislegur ágreiningur málsins lýtur að því hvort gjald- og skuldfærð afföll í skattframtölum dótturfélaga stefnanda, 14. júní ehf. og Brimgarða ehf. árin 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012 sem tengjast útgefnum skuldabréfum dótturfélaga stefnanda séu réttmætir frádráttarliðir í skattskilum þeirra þau ár.

III

Ágreiningur málsins lýtur að endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum stefnanda gjaldárin 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012 sem leiddi af þeim ákvörðunum ríkisskattstjóra í málum dótturfélaga stefnanda, Brimgarða ehf. og 14. júní ehf., að fella

niður í skattskilum félaganna umrædd ár gjald- og skuldfærð afföll af skuldabréfum sem félögin gáfu út á árinu 2005, sbr. úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 20. desember 2013, í málum dótturfélaganna. Vegna samsköttunar stefnanda með dótturfélögunum umrædd gjaldár á grundvelli 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, leiddu þessar ákvarðanir ríkisskattstjóra til gjaldabreytinga hjá stefnanda vegna hækkunar á sameiginlegum tekjuskattsstofni gjaldárin 2008 og 2012, en gjaldárin 2009, 2010 og 2011 leiddu breytingarnar til lækkunar á yfirferanlegum rekstrartapi.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að breytingar voru gerðar á skattskilum stefnanda og er þess krafist að þær breytingar verði felldar úr gildi. Stefnandi hefur því lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Með vísan til þess er hafnað málsástæðu stefnda um aðildarskort stefnanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfu sína um ógildingu úrskurða ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar byggir stefnandi í fyrsta lagi á því að úrskurðirnir hafi verið byggðir á röngum forsendum þar sem gengið hafi verið út frá því að gjald- og skuldfærsla affalla og verðbóta hjá dótturfélögum stefnanda hafi ekki verið lögmat. Í öðru lagi séu úrskurðirnir í andstöðu við meginreglur stjórnisýsluréttarins og ákvæði stjórnisýslulaga. Í þriðja lagi er á því byggt að skattyfirvöld hafi ranglega komist að þeirri niðurstöðu að skuldabréfaútgáfa dótturfélaganna á árinu 2005 hafi verið óvenjuleg eða verulega frábrugðin því sem almennt gerist og að um hagsmunatengsl hafi verið að ræða, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003.

Með dómi í máli dótturfélags stefnanda nr. E-5637/2019 Brimgarða ehf. gegn íslenska ríkinu og í máli nr. 5636/2019, 14. júní ehf. gegn íslenska ríkinu, uppkveðnum í dag, er stefndi íslenska ríkið sýknað af öllum kröfum félaganna. Er því hafnað að ekki hafi verið gætt andmælaréttar stefnanda eða að röksemdir þeirra hafi ekki fengið viðhlítandi umfjöllun hjá ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd. Þá var því einnig hafnað að rannsókn málsins hafi verið ábótavant og að úrskurðir skattayfirvalda hafi verið í andstöðu við meginreglur stjórnisýsluréttarins og ákvæði stjórnisýslulaga. Þá var kröfu félaganna um heimild til gjald- og skuldfærslu affalla og verðbóta einnig hafnað. Var því m.a. hafnað að Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafi verið raunverulegur kaupandi hinna umþrættu skuldabréfa og litið svo á að hinar umdeildu ráðstafanir féllu utan gildissviðs 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003. Þá var það niðurstaða dómsins í báðum málunum að þegar hinar umdeildu ráðstafanir og viðskipti með skuldabréf væru metnar heildstætt, þ.e. söluverð þeirra, ófullnægjandi upplýsingar um raunverulegan kaupanda skuldabréfanna og kröfuhafa þeirra, verulega skuldsetningu til langs tíma og umgjörð þeirra og kjör að öðru leyti, yrði ekki komist að annarri niðurstöðu en að þau hafi verið verulega frábrugðin því sem almennt gerðist í sambærilegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Voru því ekki talin uppfyllt skilyrði til að draga hin meintu afföll frá skattskyldum tekjum félaganna, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. einnig skilyrði 2.

töluliðar 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði 1. mgr. 57. gr. sömu laga. Þá var varakröfum félaganna hafnað með sömu röksemdum.

Með skírskotun til niðurstöðu dómsins í málum dótturfélaganna er hafnað öllum kröfum stefnanda í máli þessu, enda eru þær breytingar sem gerðar voru á skattskilum félagsins umrædd gjaldár að öllu leyti afleiddar breytingar af þeim ákvörðunum sem ríkisskattstjóri tók í málum dótturfélaga stefnanda, 14. júní ehf. annars vegar og hins vegar Brimgarða ehf. vegna samsköttunar þeirra með stefnanda á grundvelli 55. gr. laga nr. 90/2003.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda 500.000 krónur í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til þess að samhliða máli þessu voru rekin tvö önnur mál.

Stefán Geir Þórisson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Ólafur Helgi Árnason lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt meðdómurinum Lárentsínusi Kristjánssyni héraðsdómara og Birki Leóssyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Langasjóar ehf.

Stefnanda ber að greiða stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)

Lárentsínus Kristjánsson (sign.)

Birkir Leósson (sign.)